

og atvik öll eru virt, komast hjálparlaust í höfn eftir áfall það, er í héraðsdómi greinir.

Þá er aðiljum rétt að afla annarra gagna, eftir því sem efni verða til.

Ályktarorð:

Aðiljum veitist kostur á að afla gagna, er að fram-
an greinir.

Miðvikudaginn 29. janúar 1964.

Nr. 148/1963. **Bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum**
f. h. hafnarsjóðs (Jón Hjaltason hrl.)
gegn

Marcel Lambregt, eiganda og útgerðarmanni
b/v Marie Rosette, O 285, og til réttargæzlu
vátryggjanda og ábyrgðarvátryggjanda
togarans (Ágúst Fjeldsted hrl.).

Dómendur:

**hæstaréttardómaramirnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Giz-
ur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theodór**
B. Lindal

Kærumál. Varnarþing.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, og samdómendurnir Páll Þorbjörnsson og Martin Tómasson hafa kveðið upp hinn kærða dóm.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 4. nóvember 1963, sem barst dóminum 8. s. m., og krafist þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur, málinu verði vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og efnisdóms og varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Mál þetta hefur verið flutt munnlega fyrir Hæstarétti samkvæmt 2. mgr. 31. gr. laga nr. 57/1962 um Hæstarétt.

Í máli þessu er varnaraðili sóttur til greiðslu skaðabóta fyrir tjón, sem hlaut á hafnargarðinum í Vestmannaeyjum í janúar 1961 af völdum togara hans, b/v Marie José Rosette, O 285. Mál þetta ber samkvæmt eðli sínu og undirstöðurökum 84. gr. laga nr. 85/1936 undir sjó- og verzlunardóm Vestmannaeyja. Ber því að fella hinn kærða dóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma varnaraðilja til að greiða sóknaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 6000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms.

Varnaraðili, Marcel Lambregt, greiði sóknaraðilja, bæjarstjóra Vestmannaeyja f. h. hafnarsjóðs, kærumálskostnað, kr. 6000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 22. október 1963.

Mál þetta, sem tekið var undir úrskurð eða dóm þann 5. þ. m., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja af Guðlaugi Gíslasyni bæjarstjóra f. h. hafnarsjóðs Vestmannaeyja með stefnu, útgefinni 22. október 1962, birtri í Lögbirtingablaðinu, sem útgefið var 10. október 1962, einnig birtri í Ostende 11. desember og í Englandi í febrúar og marz 1963, á hendur eiganda og útgerðarmanni belgíska togarans Marie José Rosette, O 285, Marcel Lambregt, Dr. Ed. Morcauxlaan 147, Ostende, Belgíu, til greiðslu skaðabóta vegna skemmda af völdum nefnds togara á nyrðri hafnargarðinum í Vestmannaeyjum í janúar 1961, að fjárhæð kr. 2.900.000.00, ásamt 8% ársvöxtum frá 15. janúar 1961 til greiðsludags, matskostnaðar samkvæmt reikningi, kr. 8.301.00, auk alls málskostnaðar að skaðlausu, þar með talin full málfærslulaun fyrir dóminum samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands. Einnig var stefnt til réttargæzlu váttryggjendum nefnds togara, Onderlinge Verzekeringsmaatschappij, "DE STER" S. W. V. Pastoor Pypestraat nr. 1 Ostende, Belgíu, og ábyrgðar-

tryggjendum togarans, The Shipowners Protection & Indemnity Association Ltd., Lloyds Avenue, London, E.C.3., Englandi.

Mætt var í málinu af hálfu hinna stefndu og þessar réttarkröfur gerðar:

Af hálfu stefnda Marcel Lambregt:

Aðallega að málinu verði vísað frá dómi og honum dæmdur ríflegur málskostnaður.

Til vara, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu og honum dæmdur málskostnaður að mati dómsins.

Til þrautavara, að stefnukrafan verði lækkuð verulega að mati dómsins og málskostnaður verði felldur niður. Af hálfu réttargæzlustefndu, váttryggingarfélagsins "DE STER" og váttryggingarfélagsins The Shipowners Protection & Indemnity Association Ltd., að þeim verði dæmdur ríflegur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Umboðsmaður hinna stefndu telur, að óheimilt sé að reka mál þetta fyrir íslenskum dómstólum, þar eð stefndi Marcel Lambregt sé belgískur ríkisborgari og eigi ekki heimilisfang hér á landi. Íslenskir dómstólar séu því ekki bærir að dæma í einkamálum á hendur honum. Vísar hann í því sambandi til 66. gr. einkamálalaganna. Stefndandi telur aftur á móti, að samkvæmt heimild 84. gr. einkamálalaganna megi reka málið hér, og andmælti þar af leiðandi kröfunni um frávísun. Þetta atriði var sótt og varið þann 5. þ. m. og síðan lagt undir úrskurð eða dóm þann dag.

Belgíski togarinn Marie José Rosette, O 285, var tekinn við ólöglegar togveiðar út af Ingólfshöfða að morgni hins 9. janúar 1961 og var fluttur til Vestmannaeyja. Þar hlaut skipstjórinn dóm daginn eftir, hinn 10. janúar. Er trygging hafði verið sett fyrir sekt og öðrum greiðslum samkvæmt dóminum, lét togarinn úr höfn. Var þá klukkan 2130 á þriðjudag, hinn 10. janúar. Vindur var ASA, um 9—10 vindstig, og allmikill sjór. Hafnsögumaður var um borð, er siglt var út innri höfnina, en hann yfirgaf skipið innan við hafnarmynnið. Kvaðst hann hafa bent skipstjóra á að taka stefnuna SA, er hann væri kominn út úr hafnarmynninu. Togarinn var á hálfri ferð, um 5—6 sjómílna ferð, er hafnsögumaðurinn fór frá borði. Togarinn hélt áfram ferð sinni, og í hafnarmynninu var ferðin aukin upp í $\frac{3}{4}$. Samtímis var reynt að beygja til stjórnborða, en togarinn lét ekki að stjórn, heldur féll til bakborða. Var þá ferðin enn aukin og

stýrið tekið hart til stjórnborða. En alveg í sömu svifum rekst stefni togarans í bergið á Heimakletti, og var höggið mikið. Var þá sett full ferð aftur á bak, en við það snerist togarinn, og afturendi hans slóst í bergið. Var það einnig mikið högg, og lyftist þá stýrisvélin upp frá þilfarinu. Við það varð stýri togarans óvirk. Síðan barst togarinn undan vindi og sjó í áttina til hafnarinnar og strandaði að lokum við nyrðri hafnargarðinn. Hjálp barst úr landi, og voru skipverjar dregnir í land í björgunarstól. Engu var þá bjargað úr skipinu, nema skipsskjölum, sem skipstjórinn tók með sér í land.

Á fimmtudaginn 12. janúar á fjörunni fór hafnarvörður um borð í togarann ásamt skipstjóra og fjórum skipverjum. Lá þá togarinn utan á nyrðri hafnargarðinum, og að sögn hafnarvarðar var skipið þá farið að laska steypuna utan í garðinum, en ekki nema lítilliga. Upp úr þessu fer skipstjóri og skipshöfn burt úr Eyjum. Varðskipinu Þór var falið að reyna að bjarga togaranum, en ekki liggur fyrir, hver átti þar hlut að. Veður var óhagstætt, og gafst ekki færi á að hefja björgunartilraunir vegna sjógangs. Skipherra varðsupsins fór um borð á laugar dagsmorgni, þann 14. janúar, og var þá togarinn farinn að skemma garðinn talsvert. Var þá kominn skápur inn í garðinn að neðan. Á sunnudagsmorgni, þann 15. janúar, fór verkfræðingur frá vita- og hafnarmálaskrifstofunni um borð svo og bæjarverkfræðingurinn í Vestmannaeyjum. Höfðu skemmdir á garðinum þá enn aukizt. Togarinn sneri þá stefni í garðinn og lá skáhallt út frá honum. Tvö eða þrjú ker í undirstöðu garðsins voru brotin og steypuflái utan á kerunum. Hafði þar myndast stór hellir og mikið grjót skolast burt úr kjarna garðsins. Báðir verkfræðingarnir töldu, að togarinn mundi halda áfram að skemma garðinn, ef hann yrði ekki fjarlægður, og bæjarverkfræðingurinn áleit, að þótt togarinn yrði fjarlægður, myndi brim halda áfram að skemma garðinn, ef ekkert yrði gert. Bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum óskaði nú eftir, að sjópróf færi fram út af skemmdum á garðinum og skrifaði jafnframt Geir H. Zoëga, Kirkjuteig 25 í Reykjavík, svohljóðandi bréf, dags. 15. janúar 1961:

„Togarinn Marie Jose Rosette, O 285, hefur brotið skarð í norður hafnargarðinn í Vestmannaeyjum og valdið stórtjóni.

Hafnarnefnd Vestmannaeyja gerir kröfur á hendur eigendum og vátryggjendum skipsins um greiðslu fullra skaðabóta fyrir tjón það, sem þegar er orðið og kann að verða af völdum skipsins. Jafnframt óskast samráð við yður sem umboðsmann eig-

enda og váttryggjenda um aðgerðir til að forða tjóni, sem yfirvofandi er. Sjópróf verður kl. 10 í fyrramálið.“

Sjópróf fór fram daginn eftir. Kom þá meðal annars í ljós, að við athugun þá um morguninn og daginn áður reyndist togarinn mikið brotinn. Helmingur af stefninu eða þar um bil var farið, og skápar voru í stjórnbörðssiðu, og sjór féll þar inn. Skipherrar varðsupsins Þórs upplýsti, að varðskipið hefði átt að gera tilraun til að bjarga togaranum, og hefði tilætlunin verið að dæla upp úr honum, en veður hefði aldrei gefið til þess.

Togaranum var ekki bjargað. Brotnaði hann niður utan á garðinum og hvarf í hafið. Skemmdir á garðinum urðu miklar. Um vorið 1961 framkvæmdu dómkvaddir matsmenn mat á skemmdunum, og varð niðurstaða þeirra, að viðgerð myndi kosta kr. 2.900.000.00, og er það stefnukrafa málsins.

Stefnandi lítur svo á, að strand togarans við hafnargarðinn megi rekja til bilunar í skipinu sjálfu, og komi því ekki til ábyrgðar af þeim sökum. Hins vegar hafi tjónið á hafnargarðinum ekki orsakast af strandinu, heldur af því, að flak skipsins er látið liggja kyrrt á strandstað. Hafi eiganda togarans eða eftir atvikum váttryggjendum verið skylt að sjá um, að flakið yrði fjarlæggt, svo að ekki hlytist af því tjón á mannvirkjum. Þetta hafi stefndi látið undir höfuð leggjast og þar með gert sig sekan um réttarbrot, er baki honum skaðabótaábyrgð. Mál til heimtu skaðabótanna sé heimilt að sækja hér á landi samkvæmt reglunni um réttarbrotavarnarþing í 84. gr. einkamálalaganna. Umboðsmaður stefndu telur hins vegar, að ekkert réttarbrot hafi verið framið, þar eð veður og sjógangur hafi orðið þess valdandi, að ekki voru tök á að fjarlægja togarann frá strandstað. Varnarþingsregla 84. gr. einkamálalaganna eigi þar af leiðandi ekki við hér. Svo hefur hann og bent á, að hvorki stefnandi né Atvinnumálaráðuneytið, sbr. 30. gr. laga nr. 42/1926, hafi gert neitt til að forða tjóninu, en báðum þessum aðiljum hafi borið skylda til að gera ráðstafanir í þá átt, eftir því sem kostur var á.

Stefndi er erlendur ríkisborgari og á heimili erlendis og var hvorki búsettur hér né dvaldist hér, er málið var höfðað. Sama er að segja um réttargæzlustefndu. Stefndi varð því ekki lögsottur hér á landi, nema því aðeins að sérstök heimild væri til. Stefnandi hefur talið, að sú heimild sé fyrir hendi í 84. gr. einkamálalaganna. Líta verður svo á, að ekki verði stuðzt við þá grein í máli gegn stefnda, nema nokkrar líkur verði að því

leiddar, að réttarbrot hafi verið framið. Málið hefur tvisvar komið fyrir réttinn og allmiklar upplýsingar og gögn liggja fyrir. Af þeim verður þó ekki ráðið eða gert sennilegt, svo viðunandi sé, að réttarbrot hafi átt sér stað. Samkvæmt þessu verður málinu vísað frá réttinum.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður. Uppsaga dómsins hefur dregið vegna lasleika og einnig vegna fjarveru eins dómarsins úr bænum um skeið.

Dómsorð:

Máli þessu vísast frá réttinum.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 31. janúar 1964.

Nr. 31/1963. **Sigurður Sigurjónsson**

(Ingi Ingimundarson hrl.)

gegn

Þuríði Magnúsdóttur og gagnsök

(Sveinn Haukur Valdimarsson hdl.).

Dóمندur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ármann Snævarr.

Lögbann við byggingu bílskúrs á lóð fjölbýlishúss.
Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. marz 1963. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 22. marz 1963. Krefst hún þess, að héraðsdómur verði staðfestur að öðru leyti en því, að málskostnaðarkrafa hennar í héraði verði tekin til greina. Svo krefst hún og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Haukur Pétursson múr-